

Kæru foreldrar og forsjáraðilar nemenda í MH

Nú nálgast lokapróf haustannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum. Það eru ritgerðaskil, kaflapróf og ýmis verkefni sem þarf að ljúka fyrir annarlok. Þann 4. desember er síðan fyrsti prófdagur.

Við viljum hvetja ykkur til að sýna námi unglingana ykkar áhuga og aðstoða þau eins og kostur er í náminu. Margar rannsóknir sýna að stuðningur og hvatning foreldra hefur mikið að segja um frammistöðu nemenda í námi. Hjálpið þeim þar sem þörf er á, hvetjið þau til að læra og setja námið í fyrsta sæti og síðast en ekki síst gleymið ekki mikilvægi hollrar næringar og góðs nætursvefns.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði á próftíma og reynt er að bregðast við því. Í MH er m.a. hægt að biðja um að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal og lesblindir geta fengið lituð prófblöð eða prófið lesið fyrir sig. Nemendur sem hafa stundað námsverið reglulega geta tekið próf í stofu með námsverskennurum.

Þetta stendur nemendum til boða sem eiga greiningar af einhverjum toga eða hafa vottorð frá lækni /sálfræðingi. Ávallt er þó tekið tillit aðstæðna hverju sinni og allar umsóknir skoðaðar.

Nemandi þarf að koma á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa til að sækja um sérúrræði, ekki er hægt að gera það í pósti.

Lokafrestur er 15 nóvember.

Kv. Náms- og starfsráðgjafar MH